

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1971

Nr. 75.

218

19. júlí 1971.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta og flýta gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar, en þau lög eiga að öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við 80. grein laga nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

„Þó skulu koma til framkvæmda hinn 1. ágúst 1971 eftirtalin ákvæði laganna:

- a. Ákvæði 11. greinar um ellilífeyri.
- b. Ákvæði 12. greinar um örorkubætur.
- c. Ákvæði 14. greinar um barnalífeyri.
- d. Ákvæði 15. greinar um mæðralaun.
- e. Ákvæði 17. og 18. greinar um ekkjubætur og ekkjulífeyri.
- f. Ákvæði 2. málsgr. 19. greinar um lágmarkslífeyri elli- og örorkulífeyrisþega.“

2. gr.

Við 16. grein laganna komi ný málsgrein, sem hljóði svo: „Frá og með 1. ágúst 1971 skal þó fæðingarstyrkur aldrei vera lægri en svo, að nægi fyrir 7 daga dvöl á fæðingardeild, þar sem konan fæddi.“

3. gr.

Allan kostnaðarauka, sem af setningu þessara bráðabirgðalaga leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.